



# AÐALFUNDUR

## FÉLAGS LÖGGILTRA RAFVERKTAKA 2014

haldinn föstudaginn 24. október 2014, kl.16:00  
í Borgartún 35, 1. hæð „Kviku“

Mættir voru 29

- 1. Setning aðalfundar, kjör fundarstjóra og fundarritara:** Lárus A. Jónsson formaður FLR setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann bar upp tillögu um Helga Rafnsson sem fundarstjóra og Sigurjón H. Magnússon sem fundarritara og var það samþykkt með lófaklappi. Fundarstjóri tók síðan við stjórn fundarins, hann kannaði lögmæti fundarboðs og voru engar athugasemdir gerðar við það.
- 2. Skýrsla stjórnar FLR fyrir liðið starfsár**  
Lárus A. Jónsson formaður FLR flutti eftirfarandi skýrslu:

### Ágætu fundarmenn.

Ég vil byrja þessa skýrslu mína á því að bjóða ykkur aftur velkomna á þennan aðalfund FLR árið 2014.

### Stjórnarfundir

Reglulegir stjórnarfundir hafa verið haldnir, yfirleitt fjórða fimmtudag hvers mánaðar. Ef félagsmenn vilja koma málefnum á framfæri, geta þeir sett sig í samband við okkur í stjórninni eða hreinlega óskað eftir að mæta á stjórnarfund, einnig er hægt að láta í sér heyra á morgunverðarfundunum, ef mönnum liggur eitthvað á hjarta.

Eins og áður er Ásbjörn Jóhannesson ávalt reiðubúinn að aðstoða félagsmenn.

### Morgunverðarfundir

Við höfum ekki haldið morgunverðarfundum mánaðarlega eins og áður, heldur eru þeir annan hvern mánuð, og reynt hefur verið að vera á öðrum fimmtudegi þess mánaðar. Fundirnir eru nú haldnir á 1.hæð hér í Borgartúninu.

Meðal efnis sem tekið hefur verið fyrir má nefna. Kynningu á rafbílum, sem Gísli umboðsmaður TESLA bíla sá um, Guðlaugur hjá Frostmark var með kynningu á varmadælum.

Einnig fóru Ásbjörn og Ferdinad yfir skoðanakönnun sem við stóðum fyrir, varðandi stöðu fyrirtækja innan SART gagnvart D vottun SI, og kom í ljós að lítið vantar uppá hjá mörgum fyrirtækjum til að standast hana. En þetta var einnig liður í því að minna á stöðu okkar vegna upptöku gæðastjórnunarkerfa sem okkur er

gert að hafa í lagi um næstu áramót. Það er reyndar þannig að **Lí-rös**, öryggis-  
stjórnunarkerfið sem við höfum starfað eftir í áraraðir er að uppfylla þessar  
gæðastjórnunarkröfur, þó held ég að flestir þurfi að skoða hjá sér vörslu gagna,  
sem er fyrirsett.

Það er reyndar þannig, að mætingin á morgunverðarfundina hefur ekki verið nógu  
góð, og viljum við gjarnan fá ábendingar frá ykkur um málefni sem gætu verið  
áhugaverð fyrir okkur. Það er reyndar mikill fróðleikur til hjá starfsmönnum  
Samtaka Iðnaðarsins, og alltaf hægt að fá þá til að heimsækja okkur á fund.

### **Fastir liðir**

Frá síðasta aðalfundi okkar hafa 2 ný fyrirtæki, bæst í hóp okkar í FLR og samtals  
7 fyrirtæki frá upphafi árs 2012. Það er markmið stjórnar að fjölga félögum sem er  
okkar styrkur. Samtals hafa 17 ný fyrirtæki gengið til liðs við SART síðan við  
gengum í SI árið 2012. Og bið ég félagsmenn að standa með okkur í því að fjölga  
félögum.

Þrjú félagar hafa náð sjötugs aldri á starfsárinu og hefð er fyrir því að FLR heiðri  
menn af því tilefni. Verður það gert hér síðar á fundinum, að því tilskyldu að þessir  
heiðursmenn séu mættir á fundinn. Ef ekki, þá náum við til þeirra síðar.

### **Öflun félaga**

Eins og ég var að segja eykst styrkur okkar við fjölgun félaga. Í gangi er áttak til  
fjölgunar félagsmanna, og buðum við nokkrum utanfélagsmönnum hingað á  
fundinn, ásamt því að senda á allan hópinn sem er með löggildingu, upplýsingar  
um okkur á síðasta starfsári.

Nýlega fóru Ásbjörn og Sigurjón stjórnarmaður, í heimsókn í meistaraskólann til  
að kynna okkur, og einnig til að undirbúa fund með nýjum meisturum. Við höfum  
einnig fylgst með því gegnum Mannvirkjastofnum, hverjir hafa hafið störf á okkar  
vettvangi.

### **Nýtt umhverfi**

Við erum á þriðja starfsári í nýju umhverfi innan SI, og hefur það samstarf gengið  
vel. Öll meistarafélögin, nema píparar, eru nú aðilar að SI, en talið er að þeir séu  
hugsanlega á leið inn í samtökin. Í SI er rekin meistaradeild sem á að einblína á sér  
hagsmuni okkar iðnmeistaranna. Í þessu felst mikill styrkur, það eru ansi mörg  
sameiginleg hagsmunamál sem tilheyra rekstri iðnmeistara og iðnaðarfyrirtækja.

### **Mannvirkjaráð**

SI stóð fyrir stofnun mannvirkjaráðs, sem heldur 6. fundi á ári. Í Mannvirkjaráði  
eru hönnuðir, fulltrúar stærri og minni verktaka, iðnmeistarar, þar á meðal sá sem  
hér talar. Markmið Mannvirkjaráðs er að bæta siðferði og samskipti á útboðs-  
markaði, bæta gerð útboðsgagna, ásamt mörgum fleiri málum sem koma félags-  
mönnum okkar til góða. Verkefni Mannvirkjaráðs tengjast áherslum í stefnumótun  
okkar sem gerð var í fyrra, og þeim markmiðum sem við ætlum að vera búnir að

uppfylla fyrir 2018. Í stefnumótuninni var einnig markmið að setja öryggismál á ODDINN, fækka vinnuslysum og er sú vinna komin vel á veg. Verið er að búa til öryggishandbók fyrir okkur, sem verður í rafbókarformi, og hugsanlega APPI.

Þá verður bókin einnig prentuð út í minna formi til að hafa í verkfærakistunni. Þá geta fyrirtækin sótt efni úr bókinni á netið og gert sína bók með logoi hvers fyrirtækis. Verið er að vinna í öllum þeim áhersluverkefnum, sem við settum okkur í Borgarnesi, en eins og komið hefur fram var stefnumótunin gerð til 5 ára.

Einnig vil ég minna á að innan SI er mikil sérþekking. Við höfum aðgang að, meðal annars gæðastjórnunarmálum, aðgang að lögmanni og fleira, að ógleymdum Ásbirni, sem er okkar starfsmaður, og ávallt til reiðu, til að sinna okkar félagsmönnum.

### **Staðan í dag**

Ekki eru sjáanlegar miklar breytingar á hugsana-gangi ríkisstjórnarinnar. Þeir skera áfram niður fjárveitingar í alla málaflokka, og var nú að flestra mati komið að þolmörkum þar. Þetta útspil að hækka virðisaukaskattsþrep á matvæli, er sennilega vitlausasta aðgerð sem stjórnvöld hafa gert í langan tíma, og eru þó ansi margar til viðbótar mjög umdeildar. Þetta þrengir mjög að því fólki sem minnst hefur milli handanna. Og að bera við að lækkun vörugjalda á ísskápum, flatskjám og biðfreidum, sé til að milda áhrif hækkana á matvöru, orkureikningum og annara nauðsynja- vöru, er hlægilegt.

Þeir ættu einnig að vita að grunnur að velferð í þjóðfélagi er að fólk og fyrirtæki hafi fjármagn til að nota, bæði í daglegan rekstur og til uppbyggingar, þó þess sjáist ekki nein merki að þeir ætli að stuðla að þessu. Ég batt miklar vonir við þessar breytingar á stjórn landsinns, hélt að ekki hefði verið hægt að fá verri stjórn en var á undan.

### **Afkoma greinarinnar.**

Eins og ég sagði í fyrra hefur stjórnin enn áhyggjur af verðlagningu útseldrar vinnu og þar með afkomu í greininni. Það er mjög skrýtið að hægt sé að fá rafvirkja í vinnu á svipuðum töxtum og ýmsir ófaglærðir aðilar, til dæmis hreingerningafólk.

Við erum að finna fyrir því að erfitt er að fá starfsfólk, bæði faglært og ófaglært. Við þurfum að vera tilbúnir að taka við öllum nemum í starfsnám eða starfsþjálfun, en það er ótækt að nemar strandi eftir nám og fái ekki sveinsbréf af þeim sökum. Framundan er Menntaráðstefna rafiðnaðarins, í byrjun nóvember, þar sem menntamáli verða ígrunduð, en hugmyndir hafa komið fram um að hægt sé að stytta námið jafnvel um eitt ár.

### **Framleiðni.**

Enn er töluverð umræða um að framleiðni á Íslandi sé lakari en í nágrenna-löndunum. Ég gerði óformlega könnun á þessu hjá rafvirkjum sem farið hafa bæði til Noregs annarsvegar og Danmerkur hinsvegar. Út úr því kom að í Noregi er

ásandið skárna en hér, en Danir aftur mun slakari. Til að bæta ástandið hjá okkur, þurfum við að líta í eigin barm, hugsanlega bæta stjórnun og skipulag, ásamt samstarfi við starfsmenn, hugsanlega reglur um símanotkun og fleiri smáatriði, sem verða stór, eða eins og máltækið segir margt smátt gerir eitt stórt.

### **Kjarasamningar**

Samningar eru lausir nú í lok febrúar. Það eru blikur á lofti um að mikil harka verði í samningamálum, jafnvel verkföll. Við höfum farið á einn fund með RSÍ til forviðræðna. Með okkur voru Þorsteinn Víglundsson og Ragnar Árnason, en SA sér um samningamál fyrir alla sem eru innan þeirra vébanda. Hugmyndir þeirra eru að semja um litla hækkun til að verja stöðuleikann, og halda niðri verðbólgu, sem er besta kjarabótin.

RSÍ menn eru með hugmyndir um leiðréttingu launa, sem þeir telja sig eiga inni, og vitnuðu meðal annars til mikilla hækkana hjá kennurum. Einnig kom fram að þeir vilja semja aðeins til 6 eða mestalagi 12 mánaða. Einnig voru þeir með þó nokkurn lista af sérkröfum, sem þeir vilja ræða.

### **Hér koma skoðanir mínar á lífeyrissjóðsmálum**

Setja þarf alla lífeyrissjóði undir einn hatt, allir fáu sömu greiðslu, og þar af leiðandi borgi allir sömu krónutölu í iðgjöld. Þetta tel ég vera hægt. Stjórnendur lífeyrissjóða verða að hugsa um hag sjóðsfélaga, hætta að horfa á sjóðina sem féþúfu fyrir sig, sérvalda aðila, sem njóta láanafyrirgreiðslu þeirra. Það er reyndar mjög vond staða í þjóðfélaginu núna, þeir kaupa upp fyrirtæki í stórum stíl og reka í samkeppni, með stjórnendur á ofurlaunum.

### **Byrgjar.**

Samskipti við byrgja eru í góðum farvegi. Þeir eru afar duglegir að bjóða okkur í ýmiskonar uppákomur og veislur, eins og menn hafa væntanlega tekið eftir. Þeir hafa í 3 ár greitt til SART fasta upphæð, og fá í staðinn aðgang að heimasíðu okkar. Í dag eru Reykjavellsmenn með móttöku kl. 18:00, þar sem þeir eru að kynna nýja heimasíðu. Þetta er stangast á við okkar dagskrá kringum aðalfundinn, en þeir eru tilbúnir að endurtaka það fyrir okkur sem hér erum í dag, til dæmis í nóvember.

Eins og komið hefur fram förum við í Smurstöðina í Hörpu, smurbrauð, bjór og snafs, í boði Johann Rönning, þegar fundi okkar og heimsókn til CCP er lokið. Að þessu öllu loknu, gætu menn hugsanlega komið við í Reykjarfelli, en þeir sögðu að þeirra uppákoma verði allavega til Kl.11.00

### **Vorferð**

Engin vorferð, á sýningar erlendis var þetta árið, eins og undanfarin 3 ár. Það verður kannað meðal félagsmann, hvort huga ætti að vorferð 2015

### **Haustferð**

Sama var með haustferðina hún var felld niður þetta árið, sem kom til af því að

Þátttaka var ekki næg að mati Rafport manna, sem eins og áður ætluðu að kosta hluta af ferðinni.

### **Stjórnarkjör**

Það eiga tveir stjórnarmenn að ganga úr stjórn núna. Það eru Helgi Rafnsson, varaformaður og Harald Isaksen, gjaldkeri. Þeir ætla að gefa kost á sér áfram. Fundarstjóri mun væntanlegu kalla eftir nýjum framboðum, en það er líka leið til að komast í stjórn að láta vita af sér.

Þetta eru lokaorð mín í dag „ég þakka gott hljóð.“

Lárus A. Jónsson, formaður FLR

### **3. Reikningar FLR fyrir árið 2012.**

Harald Isaksen las upp og skýrði reikningana. Engar athugasemdir voru gerðar við reikninga félagsins, fundarstjóri bar þá upp og voru þeir samþykktir samhljóða.

### **4. Kosning í stjórn.**

Úr stjórn eiga að ganga varaformaðurinn Helgi Rafnsson og Harald Isaksen, gjaldkeri. Þeir gefa báðir kost á sér áfram. Voru þeir samþykktir með lófaklappi.

### **5. Kosning skoðunarmanna reikninga.**

Tillaga er um sömu menn áfram, þá Guðjón Guðmundsson og Helga Kolsöe sem aðalmenn og Sverri Helgason sem varamann. Fleiri tillögur bárust ekki og voru þeir samþykktir með lófaklappi.

### **6. Önnur mál.**

- Höfum við qenqið til qóðs, umræður um veruna í SI.

Lárus A. Jónsson hóf umræðuna. Ræddi hann lítillega um inngöngu SART í SI og upplifun sína af stjórnarsetu í SI. Síðan gaf hann Ásbirni Jóhannessyni orðið en hann kaus að kalla sinn fyrirlestur „Hver gerir hvað“, þar sem hann fór yfir starfsemi samtakanna (SART/SI/SA) og verkaskiptingu.

- Almar Guðmundsson, nýráðinn framkvæmdastjóri SI kynnti sig og ræddi um tilveru samtakanna og starfsemi.
- Guðjón Guðmundsson tók til máls. Sagði að alltof stuttur tími væri gefin til almennrar umræðu um starfsemi félagsins og að fundir væru ekki haldnir milli aðalfunda eins og samþykktir mæli fyrir um. Ræddi um greiðslu-tryggingarmál, sagði undirverktaka óvarða gagnvart aðalverktökum. Kvartaði yfir því að nefndir samtakanna væru ekki láttnar gera grein fyrir sínum málum.

- Jens Pétur Jóhannsson tók til máls, sagði að stjórnir SART og aðildarfélaganna tækju fegins hendi á móti öllum athugasemdum varðandi starf samtakanna. Ræddi styttingu rafvirkjanáms og skýrði fyrirkomulag þess í Danmörku. Ræddi mikilvægi þess að standa vörð um löggildinguna, í ljósi þess að í Danmörku væri búið að gjaldfella hana að hluta.
- Svavar Kristinsson tók til máls, hrósaði stjórn og starfsfólki fyrir það sem vel er gert. Sagði að SA hefði unnið fyrri hann og fleiri fyrirtæki mál árið 2007 sem skipti miklu máli fjárhagslega. Hvatti stjórn til að vera duglegri við að koma á framfæri því sem vel er gert.
- Guðjón Guðmundsson ræddi um sjúkarsjóð RSÍ og ýmis vandamál og flækjustig honum tengd.
- Tillaga kom úr sal, þar sem lagt var til að Guðjón sendi spurningalista á stjórnina, sem hún myndi síðan svara og senda öllum félagsmönnum.
- Ásbjörn skýrði samkomulag milli RSÍ og SART, þar sem félagsmenn í SART geta greitt í sjóðinn að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- Böðvar Valtýsson bauð fundarmönnum formlega til CCP að loknum fundi, taldi að menn væru að falla á tíma.

Fundarstjóri lagði til að tveimur fyrirlestrum, ÍST 151: Fjarskiptalagnir í íbúðarhúsnæði og Rafbók yrði frestað til betri tíma. Það var samþykkt.

Fundarstjóri sleit því umræðunum og afhenti formanni fundinn.

Lárus A. Jónsson formaður þakkaði fyrir góða umræðu og sleit fundi kl. 18:07.

Að fundi loknum var farið í heimsókn til CCP og þaðan í Smurstöðina, Hörpu í boði Johan Rönning.

Ásbjörn R. Jóhannesson, fundarritari